

**Neytendastofa.**

**LOKADRÖG 21.09.2012.**

## **REGLUGERÐ**

**um mælifræðilegt eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða**

### **I. KAFLI**

#### **Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um gjaldmæla sem notaðir eru í leigubifreiðum. Reglugerðin tekur einnig til búnaðar sem tengdur er við gjaldmæla leigubifreiða.

Setja má á markað og taka í notkun skv. 1. mgr. MID-gjaldmæla sbr. 2. gr.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Nota skal eftirfarandi skilgreiningar um gjaldmæla sbr. 1. mgr. 1. gr.:

1. *Gjaldmælir leigubifreiðar* er búnaður sem vinnur ásamt merkjavaka sem mælitæki. Þessi búnaður mælir tímalengd og reiknar vegalengd á grundvelli merkis sem kemur frá vegalengdarmerkjavakanum. Að auki reiknar hann og sýnir fargjaldið sem skal greiða fyrir ferð á grundvelli reiknaðrar vegalengdar og/eða mældrar tímalengdar ferðarinnar.
2. *MID-gjaldmælir* er gjaldmælir leigubifreiðar sem fellur undir ákvæði í viðauka MI-007 í tilskipun 2004/22/EB um mælitæki sbr. reglugerð nr. 465/2007 og uppfyllir viðeigandi kröfur, ber réttar merkingar þar um og er innsiglaður.
3. *Mælitækjabirgir* er framleiðandi, seljandi eða dreifingaraðili á gjaldmælum leigubifreiða, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 91/2006.
4. *Fargjald* er heildarupphæð sem greiða skal fyrir ferð sem byggð er á föstu startgjaldi og/eða fjarlægð og/eða tímalengd ferðarinnar. Fargjaldið tekur ekki til viðbótargjalds sem lagt er á fyrir aukapjónustu.
5. *Leigubifreið* er fólksbifreið fyrir allt að átta farþega sem seld er á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra sbr. 1. gr. laga um leigubifreiðar nr. 134/2001.

Auk ofangreindra skilgreininga skal nota skilgreiningar í viðauka MI-007 „Gjaldmælar leigubifreiða“ í viðauka við reglugerð nr. 465/2007, um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki.

## II. KAFLI

### Heimilur mælagæðir.

#### 3. gr.

##### *Nýir MID-gjaldmælar.*

MID-gjaldmælar skulu uppfylla kröfur um samræmi við þær grunnkröfur sem gerðar eru í I. viðauka og þær sérstöku kröfur sem gerðar eru í viðauka MI-007 í tilskipun 2004/22/EB um mælitæki, sbr. reglugerð nr. 465/2007, áður en þau eru markaðssett og tekin í fyrstu notkun.

Sönnun þess að kröfur um samræmi MID-gjaldmæla séu uppfylltar skal liggja fyrir skjalfest í samræmisýfirlýsingu sem hefur verið gerð á þann hátt sem kveðið er á um í 9. gr. í tilskipun 2004/22/EB um mælitæki sbr. reglugerð nr. 465/2007 og með CE-merkingu og viðbótarmælifræðimerki í samræmi við ákvæði 7. og 17. gr. sama viðauka.

MID-gjaldmælar skulu vera með tengingar fyrir eftirfarandi viðbótarbúnað, sem og annan búnað sem innlend lög og reglur krefjast: Prentara, kortalesara, fjarskiptæiningu fyrir gagnasamskipti og skilti utan á bíl.

Mælarnir skulu vera með innsiglaðan búnað sem kemur í veg fyrir notkun þeirra, þegar tilskilinn viðbótarbúnað vantar eða hann starfar ekki rétt.

Mælarnir skulu bera merkingar sem sýna hvaða viðbótarbúnaður fellur undir samræmismat gjaldmælis.

#### 4. gr.

##### *Áframhaldandi notkun eldri gjaldmæla.*

Nota má til verkefna skv. 1. mgr. 1. gr. aðra gjaldmæla en MID-gjaldmæla sem þegar hafa verið teknir í notkun, meðan þeir mæla rétt sbr. ákvæði V. kafla.

## III. KAFLI

### Um ábyrgð aðila.

#### 5. gr.

##### *Kröfur til birgja.*

Mælitækjabirgir má ekki markaðssetja, selja eða afhenda gjaldmæla leigubifreiða til notkunar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. nema þeir uppfylli ákvæði 3. gr. og önnur viðeigandi ákvæði í þessari reglugerð.

#### 6. gr.

##### *Kröfur til eigenda gjaldmæla leigubifreiða.*

Eigandi gjaldmæla leigubifreiða má ekki setja eða láta setja þá upp til notkunar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. nema þeir uppfylli ákvæði 3. gr. og önnur viðeigandi ákvæði í þessari reglugerð.

Eigandi skal hlíta skilyrðum framleiðanda um aðstæður fyrir notkun og leyfð rekstrarskilyrði.

Eigandi og ábyrgðaraðili gjaldmæla leigubifreiða ber ábyrgð á því að fá löggildingu hjá Neytendastofu, áður en gjaldmælir er tekinn í notkun, eða þegar löggilding er fallin úr gildi sbr. 11. gr.

7. gr.

*Kröfur til þjónustuaðila.*

Þjónustuaðili, sem setur gjaldmæli og tengdan búnað í leigubifreið, skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda og eftir reglum stjórnvalda, sem gilda um búnaðinn.

Þjónustuaðili er heimilt að stilla gjaldmæli áður en hann fer í löggildingu en allar stillingar á reiknistuðli milli mælis og vegalengdarmerkjavaka skulu vera skráðar í minni ásamt dagsetningu, tíma og auðkenni þess sem framkvæmdi stillinguna og skulu þessi gögn vera aðgengileg Neytendastofu í a.m.k. tvö ár.

Gjaldmæli, sem notaður er skv. 1. mgr. 1. gr. og er með rofið innsigli eða hefur farið í viðgerð þannig að það geti haft áhrif á nákvæmni hans, ber að láta löggilda áður en hann er tekinn aftur í notkun.

Þjónustuaðili, sem hefur framkvæmt einhverja þá aðgerð, sem krefst endurlöggildingar, sbr. 3. mgr. skal þegar tilkynna það eiganda gjaldmælis og Neytendastofu.

Þjónustuaðili að beiðni Neytendastofu skal veita allar upplýsingar á því formi sem stofnunin leggur til, um aðgerðir sem varðar þjónustu við gjaldmæla, þ.á.m. um verðbreytingar sem hann gerir eða önnur atriði sem ekki hafa áhrif á löggildingu gjaldmælisins.

IV. KAFLI

**Samræmismat MID-gjaldmæla.**

8. gr.

*Samræmismat MID-gjaldmæla.*

Framleiðandi ber ábyrgð á samræmismati fyrir MID-gjaldmæla. Hann annast það sjálfur með þátttöku tilkynntra aðila samkvæmt ákvæðum aðferðaeininga sem lýst er í viðaukum B og F, B og D eða H1 í tilskipun 2004/22/EB um mælitæki sbr. reglugerð nr. 465/2007.

Annist birgir eða þjónustuaðili einhvern hluta samræmismatsins, sem framleiðanda er heimilt að annast, er það á ábyrgð framleiðandans og viðkomandi aðili skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til framleiðanda vegna samræmismatsins.

V. KAFLI

**Prófun og löggilding gjaldmæla í notkun.**

9. gr.

*Löggildingar.*

Prófa skal og löggilda gjaldmæla leigubifreiða þegar þeir hafa verið settir upp og tengdir og við lok gildistíma löggildingar.

Löggilta gjaldmæla leigubifreiða skal merkja með löggildingartákni sbr. reglugerð nr. 955/2006, um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja.

10. gr.

*Prófun vegna löggildingar.*

Prófun fyrir löggildingu fer fram á uppsettum gjaldmæli í viðkomandi leigubifreið eftir að hann hefur verið tengdur við merkjavaka fyrir vegalengd og með þeim hjólabúnaði og hjólbörðum, sem notaðir eru við leiguakstur, þegar vegalendamæling byggir á snúningi hjóla.

Prófa skal aðskilið skekkjur í tímamælingu, mældri vegalengd og útreikningi fargjalds.

Til að gjaldmælar leigubifreiða standist prófun mega skekkjur ekki vera meiri en mestu leyfðu skekkjur sem hér segir: Fyrir mældan tíma  $\pm 0,25\%$ , fyrir ekna vegalengd  $\pm 3\%$  og fyrir útreikning fargjalds  $\pm 0,1\%$ .

Ganga skal úr skugga um að innsigli séu á tengingum við merkjagjafa og viðbótarbúnað áður en löggildingartákn er sett á. Við löggildingu skal þess gætt að merking gjaldmælis sé í samræmi við reglur.

Allar skýrslur og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar Neytendastofu og skal varðveita í a.m.k. tvö ár.

11. gr.

*Gildistími löggildinga.*

Gjaldmælar leigubifreiða sem eru notaðir skv. 1. mgr. 1. gr. skulu löggiltir árlega og skal miðað gildistíma við tímabilin janúar til og með apríl, maí til og með ágúst og september til og með desember.

Löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími sé ekki liðinn, ef gjaldmælir bilar, innsigli er rofið, viðgerð er framkvæmd á gjaldmæli, átt hefur verið við gjaldmæli þannig að áhrif geti haft á mæliniðurstöður og þegar hjólbarðar með breyttu þvermáli valda skekkju utan marka sbr. 10. gr.

12. gr.

*Löggildingaraðilar.*

Neytendastofa annast löggildingar gjaldmæla leigubifreiða.

Um gjald fyrir löggildingar fer eftir gjaldskrá, sem ráðherra setur.

VI. KAFLI

**Löggildingar – og markaðseftirlit.**

13. gr.

*Hlutverk Neytendastofu.*

Neytendastofa hefur eftirlit með því að farið sé eftir ákvæðum þessarar reglugerðar og annast markaðseftirlit í samræmi við reglugerð nr. 465/2007, um innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki og ákvæði laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

14. gr.

*Um framkvæmd eftirlits.*

Um framkvæmd eftirlits með gjaldmælum leigubifreiða skv. þessari reglugerð, fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglum settum samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Neytendastofa setur nánari verklagsreglur um framkvæmd löggildinga og eftirlits með gjaldmælum leigubifreiða.

## VII. KAFLI

### **Áfrýjun og kæruleiðir.**

15. gr.

#### *Áfrýjun og kæruleiðir.*

Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli reglugerðar þessarar verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga nr. 62/2005. Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

## VIII. KAFLI

### **Viðurlög.**

16. gr.

#### *Stjórnvaldssektir.*

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og fyrirtæki fyrir brot sem framin eru af ásetningi eða gáleysi gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 10 millj. kr.

Frestur til að greiða stjórnvaldssektir er fjórar vikur. Dráttarvextir greiðast ef sekt er ekki greidd á eindaga. Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför en að öðru leyti fer um hana eftir ákvæði 40. gr. laga nr. 91/2006.

17. gr.

#### *Viðurlög.*

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar.

Þeim sem gefur rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við ákvarðanir eða upplýsir ekki um atriði sem skipta máli til að upplýsa mál samkvæmt þessari reglugerð skal refsað með sektum nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

Sekt samkvæmt reglugerð þessari er unnt að leggja á lögaðila í samræmi við 3. mgr. 41. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

## IX. KAFLI

### **Gildistaka, aðlögun o.fl.**

18. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, sbr. 10. gr. laga nr. 134/2001, um leigubifreiðar og öðlast þegar gildi.

Gjaldmæla leigubifreiða sem voru teknir í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar er heimilt að löggilda ef þeir standast prófanir vegna löggildingar skv. 10. gr. þessarar reglugerðar.